



Öryggi lyfjaávísana

Magnús Jóhannsson

læknir

magnus@landlaeknir.is

Ólafur B. Einarsson

sérfræðingur

Lárus S. Guðmundsson

lyfjafræðingur

Allir geta verið sammála um að lyfjaávísanir verða að vera eins öruggar og frekast er unnt. Á árum áður voru allir lyfseðlar skrifaðir á pappír, síðan komu símaávísanir, ávísanir með símbréfum og ávísanir gegnum tölvukerfi eða á netinu. Öll þessi kerfi hafa sína kosti og galla en nú er stefnt að því að innan tíðar verði allar lyfjaávísanir rafrænar sem er talin vera öruggasta og hagkvæmasta aðferðin. Allir læknar hafa á einn eða annan hátt aðgang að rafrænu lyfjaávísanakerfi þannig að þetta markmið er raunhæft. Svipað má segja um afhendingu lyfja í lyfjabúð eða skömmtun í heimahús, gegn framvísun skilríkja, sem teljast nægjanlega öruggar aðferðir. Stöðugt fleiri læknar nota lyfjagagnagrunn landlæknis en í september 2015 nýttu 867 læknar grunninn í starfi sínu, í september 2014 var fjöldinn 412. Ljóst er að aðgengi lækna að lyfjagagnagrunni hefur aukið öryggi ávísana og bætt starfsumhverfi lækna en fleira þarf að koma til.

Samskipti læknis og sjúklings

Áður hefur verið fjallað í þessum pistlum um vandamál með sjálfvirkni í lyfjaávísunum sem oftast stafa af því að sambandi læknis og sjúklings er ábótavant. Á vefsíð-

unni *heilsuvera.is* geta sjúklingar sjálfir séð hvaða lyf þeir hafa verið að fá og hvað þeir eiga óafgreitt en þannig geta þeir iðulega sloppið við að leita til læknis að óþörfu. Á sama hátt getur læknirinn séð hvað viðkomandi sjúklingur er að fá af lyfjum, frá sér og öðrum læknum, og hvað hann á óafgreitt (sjá eldri pistla um það efni). Allt þetta eykur öryggi og bætir samskipti læknis og sjúklings. Stöðugt fleiri heilsgæslustöðvar bjóða uppá endurnýjun lyfseðla með tengingu gegnum „heilsuveru“ og verða það að teljast örugg samskipti. Stofnun og endurnýjun lyfseðla í gegnum síma er ekki eins örugg aðferð nema ef læknirinn talar við sjúklinginn sjálfan og þekkir röddina. Sumir læknar eiga samskipti við sjúklinga með tölvupósti sem er sæmilega örugg aðferð.

Gallar á kerfinu og fyrirbyggjandi aðgerðir

Engin samskiptakerfi eru gallalaus og þekktur er fjöldi tilvika þar sem beitt hefur verið blekkingum eða fölsunum til að útvega lyf, og þá er venjulega um að ræða ávanabindandi lyf. Læknar þurfa að vera sérstaklega varkárir þegar um er að ræða ávísanir á ávanabindandi lyf, bæði nýjar ávísanir og endurnýjun eldri ávísana. Þegar um slík lyf er að ræða ættu læknar helst ekki að fela öðrum heilbrigðisstarfsmönnum að taka við beiðnum heldur gera það sjálfir.

Þekkt eru allmörg dæmi um að einstaklingur með fíknivanda hringi í lækni og villi á sér heimildir eða þykist vera aðstandandi tiltekins sjúklings. Síðan er beðið um lyfjaávísun sem þessi einstaklingur leysir út í lyfjabúð. Dæmi eru um að slíkar falsanir hafi viðgengist mánuðum saman án þess að upp kæmist

og þær komast ekki endilega upp nema fyrir einskæra tilviljun. Þetta undirstrikar að þegar um ávanabindandi lyf er að ræða þurfa læknar að vera á verði gagnvart einstaklingum sem reyna að blekkja þá. Góð regla er að skrifa ekki út ávanabindandi lyf í fyrsta skipti án þess að hitta sjúkling. Önnur regla er að hitta reglulega þá sjúklinga sem fá miklu ávísað og fara yfir stöðuna. Þó læknar séu komnir með aðgang að lyfjagagnagrunni vantar enn upp á að þeir hafi heildarsýn. Þannig hefur borið á því að læknar séu skráðir fyrir vélskömmun án þess að þeir viti af því. Stutt er síðan vélskömmun fór að berast í nýja lyfjagagnagrunninn en nú geta læknar séð skammtanir og í gáttinni má sjá nafn þess lækis sem stendur fyrir skömmtuninni. Telji læknir nauðsynlegt að breyta skömmtun eða fella hana niður getur hann fengið upplýsingar hjá Embætti landlæknis um hvaðan skömmtun er afgreidd (nafn skömmtunarfyrirtækis).

Samskipti læknis og Embættis landlæknis

Samskipti lækna við Embættið fara að mestu fram bréfleiðis, með tölvupóstum eða í gegnum síma. Mikið af þessum samskiptum snúast um lyfjaávísanir. Bréf með persónuupplýsingum eru, öryggisins vegna, send í ábyrgðarpósti. Þessi bréf eru send á heimili viðkomandi lækis vegna þess að landlæknir hefur ekki aðgang að skrá yfir starfsstöðvar lækna og þar að auki verður að telja það öruggara vegna minni hættu á að bréfið sé opnað af öðrum en læknum sjálfum. Æskilegt væri að koma á samskiptum milli lækna og Embættis landlæknis sem væru þægilegri og ódýrari en engu að síður örugg; það mál er í skoðun.